

Formáli

Hugmyndin að því að vinna þetta verkefni kviknaði fyrst þegar ég vann við sérkennslu og fékk í mína umsjón nemanda á unglíngastigi sem átti í erfiðleikum með að fylgja hefðbundnu námsefni í samfélagsfræði. Nauðsynlegt var að finna honum efni við hæfi og unnum við að því í sameiningu ég, umsjónarkennari nemandans og deildarstjóri sérkennslunnar að finna slíkt efni. Niðurstaðan varð sú að best hentaði að útbúa efni tengt heimabyggðinni og nánasta umhverfi fyrir þennan nemanda. Þegar að var gáð var ekkert slíkt námsefni til þannig að ég réðist í það að búa til efni með verkefnum sem samræmdu hugmyndinni og var þetta skólaárið 2005-2006.

Þegar ég var að vinna í samfélagsfræðiverkefninu fyrir þennan nemanda sem áður er nefndur og var að vinna á netinu sá ég að hægt væri að búa til verkefni sem gæti nýst í námi og kennslu. Þessi hugmynd hugnaðist mér vel auk þess að geta notað það í lokaverkefni mínu við Kennaraháskólann og ákvað ég að skrifa um heimabyggðina mína, Skagaströnd, og vera með fræðilegan hluta um kennsluaðferðir ásamt því að koma með hugmyndir um hvernig hægt væri að kenna efnið á sem fjölbreyttastan hátt.

Í tengslum við verkefnið hef ég oft lent á spjalli við heimamenn og hafa þeir verið tilbúnir til að uppfræða mig um staðinn eins og hann var áður fyrr. Sem dæmi langar mig að nefna þegar ég fór eitt sinn í heimsókn á dvalarheimili aldraðra herna í bænum var mér boðið í kaffi. Þar spurði ein eldri kona hvernig mér gengi með ritgerðina og um hvað ég væri að skrifa og svaraði ég því þá til að ég væri að búa til námsefni um Skagaströnd. Lifnaði þá gamla konan öll við og fór að segja mér frá gamla tímanum og sýnda mér gamlar myndir.

Mig langar að þakka öllum þeim Skagstrendingum sem lagt hafa mér lið við verkefnavinnu, með sögum sínum og myndum. Einnig vil ég þakka þeim sem gáfu af tíma sínum með því að lesa verkefnið yfir fyrir mig.

Í lokin vil ég þakka leiðsögukenndara mínum, Jóhönnu Karlsdóttur lektor við Kennaraháskóla Íslands, fyrir mikinn og góðan stuðning. Hún var alltaf til staðar þegar ég þurfti á að halda við skrif þessarar verkefnis og kom með margar góðar ábendingar.

Að endingu vil ég þakka fjölskyldunni minni innilega fyrir alla hjálpa, þolinmæðina og ómældan stuðning.